



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ

Tónmennt – 1. bekkur

Söngur spilar stóran þátt í tónmenntakennslu í Ísaksskóla þar sem nemendur syngja fjölbreytt lög af söngdagskrá skólans. Einnig er unnið með frumþætti tónlistar; takt, tónhæð og tónstyrk í gegnum virka hlustun. Unnið er með tónlistarhugtök og ólikar tónlistarstefnur. Nemendur leika á skólahljóðfæri og ásláttahljóðfæri og kynnast helstu hljóðfærafjölskyldunum.

Matsviðmið

Tónmennt

Nefnt skólahljóðfæri og helstu hljóðfærafjölskyldurnar.

Hlustað á, greint á milli og talað um mismunandi hljóð út frá efnispáttum s.s. tónstyrk, hraða, púls, tónblæ og formi.

Þekkt muninn á tónlistarhugtökum s.s. sterku og veiku, hröðu og hægu, háum tónum og djúpum tónum.

Sungið sönglög og þulur af ólikum toga, lög af söngdagskrá og flutt valin sönglög með bekkjarsfélögum sínum, t.d. á bekkjarskemmtun.

Greint mun á háum og djúpum röddum s.s. barnaröddum, karla og kvennaröddum.

Leikið púls eða einfaldan hrynn á ásláttarljóðfæri, skólahljóðfæri eða heimatilbúið hljóðfæri.

Sýnt áherslu í takti gegnum hreyfingu.

Hljóðskreytt sögu/ljóð/hugmynd með ólikum hljóðgjöfum/hljóðfærum, heimatilbúnum eða skólahljóðfærum.

Kannað hljóðheiminn og skráð hljóðin í umhverfinu, bæði í skólanum og heima.

Greint ólikar tegundir tónlistar, s.s. íslensk þjóðlög, klassíkska tónlist, popptónlist, rafmagnaða og órafmagnaða tónlist.

Tjáð sig, með einföldum hugtökum, um tónlist og hljóð þar sem greint er á milli staðreynda og eigin skoðana og upplifunar.

Virkni og samskipti

Tekið virkan þátt í tínum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólfélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birtir á Mentor.

Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun og kannanir.